



BREIÐDALSETUR

MÁLVÍSINDI – JARÐFRÆÐI – SAGAN

Breiðdalssetur - Minnisblað

- maí 2011 -

Rekstraryfirlit 2010

Áætlun 2011

Yfirlit yfir starfssemi ofl.

Myndir frá 2010



BREIÐDALSETUR

MÁLVÍSINDI – JARÐFRÆÐI – SAGAN

Rekstraryfirlit 2010. Áætlun 2011		
Tekjur:	2010	Áætlun 2011
Fjárlög (Menntamálaráðuneyti)	11.100.000	9.200.000
Alcoa	2.242.000	2.242.000
Vaxtarsamningur Austurlands	1.000.000	1.000.000
Breiðdalshreppur	4.737.523	4.742.000
Aðrar tekjur og styrkir	160.249	500.000
	19.239.772	17.684.000
Gjöld:		
Laun og launatengd gjöld	10.874.576	10.000.000
Sýningar, hönnun, uppsetning ofl.	3.887.715	3.000.000
Augl. og kynningar	257.980	250.000
Ferða- og flutningskostnaður	1.219.389	700.000
Námskeið, fundir og ráðstefnur	53.000	100.000
Ritföng, bækur, kort oph.	295.812	250.000
Rafmagn og kynding	459.713	500.000
Þjónustugj (sími, net, tryggingar , fjargæsla)	528.472	600.000
Húsgöng, tæki og tól	21.949	100.000
Húsaleiga	0	1.200.000
Önnur vöru- og þjónustukaup	1.641.166	984.000
	19.239.772	17.684.000
	0	0



BREIÐDALSETUR

MÁLVIÐSINDI – JARÐFRÆÐI – SAGAN

Minnisblað maí 2011

Páll Baldursson sveitarstjóri

Árið 2010 var annað heila starfsár Breiðdalsseturs, en haustið 2008 var fyrsti hluti setursins, Jarðfræðisetur á Breiðdalsvík, opnað í Gamla kaupfélagshúsinu á Breiðdalsvík. En þá tók setrið á móti gögnum breska jarðfræðingsins George P. L. Walker. Gögn Walkers eru ómetanlegar heimildir og frumgögn um rannsóknir hans á hinum Austfirsku jarðlagastafla, svo sem minnisbækur, skýrslur, teikningar, myndir, kort og margt fleira.

Mikil vinna hefur verið lögð í að fara í gegnum þessi gögn, flokka þau og skrá. M.a. hefur verið unnið að því að koma yfir á stafrænt form öllum myndum Walkers (yfir 20 þús.). En þessar myndir eru nákvæmlega skráðar og flokkaðar af hendi GPL Walker. Jafnframt er vinna hafinn við að endurvinna, skrá og uppfæra upp í stafrænan kortagrunn kortlagningu Walkers á hinum austfirsku jarðlagastafla.

Áfram hefur verið haldið við að byggja upp tengslanet vísinda- og fræðimanna sem hafa hug á því að koma til Austurlands til rannsókna eða með nemendur. Haustið 2010 komu jarðfræðinemar til Breiðdalsvíkur og dvöldu við rannsóknir sínar í um viku tíma. Þetta var í annað skiptið sem hópur jarðfræðinema dvaldi í Breiðdalssetri. Skipulagning á þessum þætti starfsseminnar er sem fyrr á hendi dr. Þorvalds Þórðarsonar prófessor í jarðfræði við Endiborgarháskóla. Síðla sumars dvaldi einnig dr. Ian Gibson á Breiðdalsvík við rannsóknir sínar og er það þriðja árið í röð sem Ian kemur til Breiðdalsvíkur, en Ian var doktorsnemi George Walkers á sínum tíma. Í haust hélt Ian áfram að skoða samsett hraun og samsetta ganga ásamt því að skoða nokkur lög af sambræddu túfflögum á Austurlandi. Jafnframt var hann að leita að opnum í Skesstúffinu ásamt dr. Þorvaldi Þórðarsyni og stúdentum frá háskólanum í Edinborg. Ian mun enn koma til Breiðdalsvíkur á komandi hausti, en þá verður alþjóðlegt málþing um jarðfræði haldið. Skipulagning þess er á höndum dr. Þorvalds Þórðarsonar. Ljóst er að á Austurlandi er af nógu að taka í jarðfræðinni og greinilega áhugi marga að byggja ofan á þann grunn sem dr. Walker lagði með kortlagningu sinni á jarðfræði Austurlands.

Breiðdalssetur mun því halda áfram að vinna með miðlun upplýsinga um jarðfræði og steindir, til ferðamanna, fræðimanna og almennings. Í tengslum við starfssemi Breiðdalsseturs var á síðasta ári sett upp upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn, með leyfi frá Ferðamálastofu.

Tveir sumarstarfsmenn voru ráðnir til Breiðdalsseturs á liðnu sumri og er þar um að ræða háskólafólk frá Austurlandi.

Á vegum Breiðdalsseturs er nú verið að útbúa sýningu um breiðdælingin Dr. Stefán Einarsson. En Stefán var kunnur málvísindamaður, en var alla sína starfsævi prófessor við John Hopkins háskóla í Baltimore. Sýningin verður opnuð laugardaginn 11. júní nk. með málþingi um Stefán og þátt hans í bókmenntum og málvísindum.



BREIÐDALSETUR

MÁLVIÐSINDI – JARÐFRÆÐI – SAGAN

Eftirtaldir meginatburðir voru á vegum Breiðdalsseturs á árinu 2010:

- Veturinn 2009 – 2010: Upplestrarkvöld á fimmtudögum. Guðjón Sveinsson las úr verki sínu *Sögunni af Daníel*.
3. apríl 2010: Opnun listaverkasýningar hjónanna frá Höskuldsstöðum í Breiðdal, Mariettu Maissen og Péturs Behrens.
24. apríl 2010: Sumardagurinn fyrsti. Sumarkaffi Kvenfélagsins Hlífar í tengslum við hátíð til minningar um sálmaskáldið sr. Einar Sigurðsson í Eyðölum.
17. júní 2010: Opnun ljósmyndasýningar á myndum úr ljósmyndakeppni á vegum Breiðdalshrepps.
19. ágúst 2010: Opnun ljósmyndasýningar (Aðlögun – Blue) með verkum eftir listamanninn Söndru Mjöll Jónsdóttur.
23. ágúst – 28. ágúst: Jarðfræðinemar frá Edinborgarháskóla við rannsóknir og störf..
27. ágúst 2010: Fyrirlestrarkvöld í Breiðdalssetri. Fyrirlesarar: Dr. Ian Gibson fv. prófessor og nemandi G.L.P. Walkes, dr. Þorvaldur Þórðarson prófessor við Edinborgarháskóla og jarðfræðinemar frá Edinborgarháskóla.
4. nóvember 2010: „Fjaran er gjöful“ Opnun sýningar á list og nytjahlutum unnum úr efnivið fjörunnar. Verkefni unnið af Grunnskóla og Leiksskóla Breiðdalshrepps.
13. nóvember 2010: Útgáfuhátíð í tilefni ljóðabókar Sigurjóns Jónssonar frá Snæhvammi *Jörðin kallar á börnin sín*. (Tíunda bókin í flokknum Austfirsk ljóðskáld).
26. nóvember 2010: Stofnfundur Breiðdalsseturs ses.
12. desember 2010: Útgáfuhátíð í tilefni að ljóðabókar Guðjóns Sveinssonar *Litbrigði III - Fegursti fjallahringur*

Áfram mun mikil áhersla verða lögð á uppákomur ýmiskonar, samhliða öðru starfi, og þá til þess að undirstrika vilja og metnað aðstandenda að starfssemin þróist í menningarstofnun sem sé lifandi fræða- og þekkingarsetur.

Breiðdalssetur ses

Þann 26. nóvember 2010 var haldinn stofnfundur sjálfseignarstofnunar um Breiðdalssetur, Breiðdalssetur ses. En fram til þessa hefur starfssemin verið rekin á vegum Breiðdalshrepps. Í samþykktum Breiðdalsseturs ses segir:

Tilgangur félagsins er rekstur rannsókna- og fræðaseturs með þrjú eftirfarandi meginsvið þar sem tilgangur hvers svið er eftirfarandi:

Málvísindastofa: Heiðra minningu dr. Stefáns Einarssonar frá Höskuldsstöðum í Breiðadal og framlag hans til málvísinda og örnefnasöfnunar.

Jarðfræðistofa: Heiðra minningu dr. George Patrik Leonard Walker sem starfaði m.a. í Breiðdal og kortlagði hraunlagastafila og megineldstöðvar á Austurlandi.

Samfélags- og sögustofa: Varðveisla upplýsinga og kynningu á uppbyggingu samfélagsins og mikilvægi gamalla bygginga og muna. Enn fremur að stuðla að eflingu lista og menningarlífs í sveitarfélaginu.



BREIÐDALSETUR

MÁLÍSINDI – JARÐFRÆÐI – SAGAN

Í fyrstu stjórn Breiðdalsseturs voru eftirtaldir kosnir:

Stefanía Kristinsdóttir <i>Tilnefnd af Þekkingarneti Austurlands</i>	Dynskógum 5, 700 Egilsstaðir	Formaður
Pétur Pétursson <i>Tilnefndur af Breiðdalshreppi</i>	Lindarbyggð 5, 270 Mosfellsbær	Varaformaður
Vésteinn Ólason <i>Tilnefndur af Stofnun Árna Magnússonar</i>	Nýlendugötu 43, 101 Reykjavík	Meðstjórnandi
Smári Ólason <i>Tilnefndur af afkomendum Ingibjargar Árnadóttur</i>	Ásbúðartröð 1, 220 Hafnarfjörður	Meðstjórnandi
Björn Björgvinsson <i>Tilnefndur af Ómari Bjarka Smárasyni</i>	Sólbakka 4, 760 Breiðdalsvík	Meðstjórnandi

Og í varastjórn:

Helga Hrönn Melsteð <i>Tilnefnd af Breiðdalshreppi</i>	Sólheimar 4, 760 Breiðdalsvík	
Guðrún Nordal <i>Tilnefnd af Stofnun Árna Magnússonar</i>	Skildinganesi 6, 101 Reykjavík	
Gunnlaugur Björn Jónsson <i>Tilnefndur af afkomendum Ingibjargar Árnadóttur</i>	Aðalstræti 77a, 450 Patreksfjörður	
Leó Kristjánsson <i>Tilnefndur af Ómari Bjarka Smárasyni</i>	Fornhaga 20, 107 Reykjavík	
Guðrún Á. Jónsdóttir <i>Tilnefnd af Þekkingarneti Austurlands</i>	Gilsbakka 8, 740 Neskaupstaður	

Mikil áhersla verður áfram lögð á uppákomur ýmiskonar, til þess að undirstrika vilja og metnað aðstandenda til þess að starfssemin þróist í menningarstofnun sem sé lifandi fræða- og þekkingarsetur.



BREIÐDALSETUR
MÁLVIÐSINDI – JARÐFRÆÐI – SAGAN

Nokkrar myndir úr starfsseminni